



Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Málverk - MYNL3MÁ07 Námsáætlun haust 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

Viðtalstími: Samkvæmt samkomulagi

Áfangalýsing


Nemandi vinnur málverk með akríllitum. Hann leggur megináherslu á sköpunarferli frá eigin hugmynd að lokaniðurstöðu. Hann byggir upp rökrænt þróunarferli sem leið til markvissrar listrænnar niðurstöðu. Nemandi vinnur tækniprufur og eigin rannsóknar- og tilraunavinnu þar sem engin leið er sjálfgefin. Myndefni er sótt í umhverfið og nemandinn vinnur á persónulegan hátt með sjónarhorn, myndmál, myndbygginu, form og lit. Nemandinn skoðar sköpunarferli nokkurra listamanna og kynnir sér málverk eða önnur verk sem tengjast eigin hugmynd og áhuga. Nemandinn ígrundar og ræðir um verk sín og vinnuferli á öllum vinnslustigum í samvinnu við kennara og aðra nemendur.



„It is not about perfection. What’s a perfect painting? What’s interesting about a perfect painting? “

Peter Doig

Peter Doig, 2005-2007, *Figures in Red Boat*

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Málverk - MYNL3MÁ07 Námsáætlun haust 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Bekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast bekkingu og skilning á:

- sköpunarferli frá fyrstu hugmyndum að fullkláruðu málverki
- mikilvægi rannsóknar, tilrauna og ígrundunar í ferlinu
- mismunandi hugmyndum og tækni í málverki
- nokkrum listmálurum/listamönnum í sögu og/eða nútíma

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna eftir rökrænu ferli þar sem eitt vinnslustig tekur við af öðru
- nota mismunandi leiðir til að túlka myndefni sitt
- tengja formræna framsetningu við inntak verka sinna
- sýna persónulega afstöðu í vali myndefnis og úrvinnslu
- leita sér heimilda og skoða listamenn í tengslum við vinnu sína
- meðhöndla efni og áhöld sem notuð eru við gerð málverka
- vinna agað og sjálfstætt og sýna frumkvæði
- ígrunda vinnu sína

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu bekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta umhverfið og verk annara sem innblástur fyrir eigin verki
- þróa eigin hugmynd með rannsóknar- og tilraunavinnu
- rökstyðja niðurstöður sínar með tilliti til faglegrar þekkingar
- fjalla um ólíkar aðferðir við vinnslu málverka
- fjalla um eigin verk og annarra á upplýstan og greinagóðan hátt og gera grein fyrir forsendum álits síns

Áætlun um yfirferð

Kynning og upphitun 1 vika*

Efnisöflun og hugmyndavinna 3 vikur*

Útfærsla og tilraunir 4 vikur*

Málverk 5 vikur*

Yfirferð (1/2 vika á miðri önn og 1 vika í lok annar)

---- Hver nemandi kynnir listamann fyrir hópnunum um miðbik annar.


*Vikuskipting er til viðmiðunar. Nemendur verða samferða í byrjun en vinna svo sjálfstætt hver að sinu verki.

Námsgögn

Dagbók, skissubók, blindrammi – nemendur útvega

Penslar, litir, pappír og strigi

Bækur af bókasafni og netsíður

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 3 af 3	Málverk - MYNL3MÁ07	Námsáætlun haust 2019

MIKILVÆGT að halda allri ferlisvinnu annarinnar til haga
(skissum, ljósmyndum, prufum, dagbókarskrifum o.fl.) **til þess að**
skila í lok annar ásamt tilbúnu málverki

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Verk Undirbúningsvinna og fullnið málverk	Sýnileiki ætlunar í afrakstri - segir það sem vill segja, tjáning	15%	
	Notkun grunnreglna - litur form og myndbygging	15%	
	Tæknileg færni - vald á efnum og aðferðum	15%	
Vinnulag Hvernig nemandinn ber sig að við vinnu	Rannsókn, nýsköpun - opinn hugur forvitni, hugvitsemi leit nýrra leiða	15%	
	Nýting fyrirmýnda - vinna úr upplýsingum	15%	
	Ígrundun – ískoðun á verkum og nýting í í næstu skref	15%	
Samræður	Þátttaka í samræðum um eigin verk og annara	5%	
Listheimur tengsl	Kynning á listamanni	5%	
		Samtals:	100%
Námsmatsþættirir eru metnir stöðugt á önn og í lok annar með leiðsagnarmati, sjálfsmati og kennaramati			

Símar eru velkomnir til náms

Skil á verkum 5. desember


Opið hús 5. desember kl. 20-21:30

Með fyrirvara um breytingar

Gangi ykkur vel

19.08.2019


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

